

Samkomulag vegna deiliskipulagsbreytinga á Gerplustræti 1-5

Kjarnibýgg ehf., kt. 601109-0770, Amsturdam 4, 270 Mosfellsbæ, sem er lóðarhafi Gerplustrætis 1-5, og Mosfellsbær, kt. 470269-5969, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, gera með sér svofellt samkomulag um greiðslu kostnaðar í tengslum við breytingar á deiliskipulagi Helgafellshverfis varðandi Gerplustræti 1-5.

1. gr.

Tillaga að breytingum á deiliskipulagi varðandi Vefarastræti 1-5 var auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga 30. mars 2015 með athugasemdafresti til 11. maí 2015. Engin athugasemd barst. Breytingarnar eru fólgnar í fjölgun íbúða um fimm og breyttum ákvæðum um bíla-stæði/bílageymslu.

2. gr.

Lóðarhafi Kjarnibýgg ehf mun greiða Mosfellsbæ eftirtalin gjöld sem Mosfellsbær innheimtir vegna breytinga skv. 1. gr:

1. Vegna fjölgunar íbúða kr. 1 milljón per íbúð, sbr. ákvörðun bæjarráðs Mosfellsbæjar 28. maí 2015, samtals kr. 5 millj.

Mosfellsbær hefur áður gert lóðarhafa reikning fyrir umsýslu um deiliskipulagsbreytingarnar skv. gjaldskrá sinni þar um, og er sú greiðsla óviðkomandi samkomulagi þessu.

3. gr.

Greiðsla skv. 2. gr., alls kr. 5.000.000, skal innt af hendi eigi síðar en 10 dögum eftir undirritun samkomulags þessa. Eftir að greiðsla hefur farið fram mun Mosfellsbær ljúka við samþykktarferli deiliskipulagsbreytingarinnar og auglýsa gildistöku hennar skv. skipulagslögum.

4. gr.

Rísi ágreiningur vegna samkomulags þessa skal mál vegna hans rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

5. gr.

Til staðfestingar ofangreindu samkomulagi undirrita samkomulagsaðilar það í votta viðurvist í tveimur eintökum, einu handa hvorum aðila.

Mosfellsbæ xx. ágúst 2015

f.h. Kjarnabyggs ehf.
NN

f.h. Mosfellsbæjar
Haraldur Sverrisson
sbr. xx. fundur bæjarráðs

Vottar að réttum undirskriftum og forræði aðila:

nafn

kt.

nafn

kt.